

## Ársskýrsla Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands fyrir árið 2022

Lögð fram á ársfundum 26. janúar 2023

Á ársfundum Sagnfræðistofnunar 30. apríl 2021 var kjörin ný stjórn til þriggja ára. Í henni sitja Már Jónsson sem forstöðumaður, Rósa Magnúsdóttir sem fyrsti meðstjórnandi og Sverrir Jakobsson sem annar meðstjórnandi. Viðar Pálsson er varamaður. Bragi Þorgrímur Ólafsson var þá í stjórn sem fulltrúi doktorsnema en nýr fulltrúi þeirra, Björn Reynir Halldórsson, tók við af honum í ágúst 2022. Stjórnin hélt tvo fundum á árinu en skiptist þess á milli á skeytum eftir þörfum og ræddi ýmis málefni óformlega. Forstöðumaður var fulltrúi Sagnfræðistofnunar í stjórn Hugvísindastofnunar þangað til nýjar reglur hennar tóku gildi 1. júlí. Hann er formaður Landsnefndar sagnfræðinga og þar situr Rósa Magnúsdóttir líka fyrir hönd Sagnfræðistofnunar.

Ragnheiður Kristjánsdóttir er landsritstjóri *Scandinavian Journal of History*. Sigurður Gylfi Magnússon er formaður stjórnar Miðstöðvar einsögunannsókna, sem er hluti Sagnfræðistofnunar. Hann situr fyrir hönd Sagnfræðistofnunar í fagráði Miðstöðvar munnlegrar sögu og varamaður er Erla Hulda Halldórsdóttir. Erla Hulda er fulltrúi stofnunarinnar í stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands og Viðar Pálsson til vara. Guðmundur Jónsson er fulltrúi stofnunar í Sjóði dr. Björns Þorsteinssonar ásamt Sverri Jakobssyni, sem er formaður.

### *Félagar*

Kennarar í sagnfræði, skjalfraeði og hagnýtri menningarmiðlun: Erla Hulda Halldórsdóttir, Guðmundur Hálfðanarson, Guðmundur Jónsson, Helga Jóna Eiríksdóttir, Már Jónsson, Ragnheiður Kristjánsdóttir, Rósa Magnúsdóttir, Sigurður Gylfi Magnússon, Sumarliði R. Ísleifsson, Sverrir Jakobsson, Valur Ingimundarson og Viðar Pálsson. Kennarar á eftirlaunum: Anna Agnarsdóttir, Helgi Þorláksson, Ingi Sigurðsson, Kristjana Kristinsdóttir, Sveinbjörn Rafnsson og Þór Whitehead. Sérfræðingur hjá Sagnfræðistofnun: Árni Daníel Júlíusson. Nýdóttorar sem tengjast stofnuninni: Ciaran Fiona McDonough, Haukur Ingvarsson, Skafti Ingimarsson, Sólveig Ólafsdóttir, Sveinn Máni Jóhannesson og Valgerður Pálmadóttir. Doktorsnemar í sagnfræði: Anna Heiða Baldursdóttir, Bethany Louise Rogers, Björn Reynir Halldórsson, Daria Segal, Egill Þór Níelsson, Einar Einarsson, Giulia Zorzan, Guðrún Harðardóttir, Gunnar Sveinbjörn Óskarsson, Hafdís Erla Hafsteinsdóttir, Lea Debora

Pokorny, Margrét Gunnarsdóttir, Meghan Ann Korten, Michael Anthony Hansen, Ólafur Arnar Sveinsson, Óskar Guðlaugsson, Paul Thorben Theissen, Pétur Guðjón Kristjánsson, Pontus Erik Gunnar Jarvstad, Ryan Dean Fenster, Ryan Eric Johnson, Sigríður Hjördís Jörundsdóttir, Sylvía Bates, Tryggvi Rúnar Brynjarsson, Yeonji Ghim og Yeshiwas Degu Belay.

### *Rannsóknir*

**Árni Daníel Júlíusson** tók þátt í öndvegisverkefninu „Power, Wealth and Plague in Two Valleys: Svarfaðardalur, Hörgárdalur and their hinterlands ca. AD 870–1500. Það er öndvegisverkefni styrkt af Rannsóknarsjóði og hann er verkefnisstjóri þess ásamt Ramonu Harrison. Þá lauk í fyrra verkefninu PECUS, þar sem Árni Daníel var fulltrúi af Íslands hálfu í verkefni fimm Evrópulanda um seljabúskap og nýjar kennsluáferðir á háskólastigi. Árni Daníel sendi frá sér ritið *A Tale of Two Valleys, Settlement, Land Use and Landownership in Medieval Iceland*. Hann hélt fyrirlestra á Söguþingi, Norræna sagnfræðingapínginu og á ráðstefnu í tilefni af því að lokið var við að rita Byggðasögu Skagfirðinga. Hann kenndi tvö námskeið við Háskóla Íslands.

**Erla Hulda Halldórsdóttir** birti greinar um konur og kvenna- og kynjasögu í *Sögu, Nordisk Tidskrift* og í bók um Grím Thomsen. Hún flutti fyrirlestra á málþingum, ráðstefnum og hátíðarfundum um Hannes Hafstein og kvenréttindi, Ingibjörgu H. Bjarnason og alþjóðakvannahreyfinguna, Jakobínu Jónsdóttur, heimakosningar og kvenkjósendur, framgang kvenréttinda á Íslandi, femínisma og bylglukenninguna. Erla Hulda hefur jafnframt rætt um rannsóknir sínar og fræði í útvarpi og sjónvarpi. Að auki hefur hún unnið að rannsóknnum og ritun fræðigreina um kvenkjósendur, húsmæður. Þá hefur hún unnið að ritun á ævisögu Sigríðar Pálsdóttur og rannsóknnum á ástarbréfum Baldvins Einarssonar til Krístrúnar Jónsdóttur.

**Guðmundur Hálfðanarson** var einn ritstjóra bókarinnar *Europe in the Age of Post-Truth Politics: Populism, Disinformation and the Public Sphere* sem kom út hjá Palgrave/Macmillan á síðasta ári. Hann birti tvær greinar í safnrítum á árinu; aðra með Baldri Þórhallssyni um Ísland í ritið *The Politics of Smallness in Modern Europe: Size, Identity and International Relations since 1800* og hina um Grím Thomsen í *Feiknstafir. Ráðgátan Grímur Thomsen*. Að auki átti hann einn ritdóm og tvær stuttar greinar í *Sögu* á síðasta ári.

**Guðmundur Jónsson** vann sem fyrr að verkefninu *Undirstöður landbúnaðar-samfélagsins* og undirbjó útgáfu bókar um það með samstarfsmönnum. Guðmundur og Leifur Reynisson hófust handa við verkefnið *Rannsóknaháskóli verður til í* samvinnu við deildir Háskólans og Miðstöð munnlegrar sögu, og með styrk frá rektorsembætti. Viðtöl eru tekin við núverandi og fyrrverandi kennara og vísindamenn við Háskólann um rannsóknir þeirra og störf, og verður þeim síðan miðlað með ýmsum hætti. Guðmundur flutti nokkra fyrirlestra hér á landi um bændasamfélag, matarsögu og sögu velferðar á Íslandi, sem og tvo fyrirlestra í Uppsala, Svíþjóð, annan um viðbrögð við harðindum á 18. og 19. öld og hinn um jarðeignaskiptingu á 18. öld.

**Helga Jóna Eiríksdóttir** vann að rannsóknarriti Þjóðskjalasafns sem áætlað er að komi út á þessu ári. Hún er ritstjóri og höfundur tveggja greina um eftirlitshlutverk Þjóðskjalasafns Íslands og um grisjun. Hún á kafla í greinasafni sem áætlað er að komi út á árinu: „Sysselmænd og deres arkiver. Historien om syssemandsembeder i Island“, *Administration og regulering i Nordatlanten*. Ritstjóri Sámal T. Johansen. (Tjóðskjalasavn Føroya: Tórshavn). Helga Jóna flutti tvö erindi á *Nordiska Arkivdagarna* í Stokkhólmi í byrjun september, annan um kennslu og hinn um eftirlit Þjóðskjalasafns. Innanlands hélt hún erindi um árangur eftirlits Þjóðskjalasafns á Vorráðstefnu safnsins í maí og annað á Menntakviku í október um viðhorf nemenda til fjarnáms.

**Már Jónsson** gaf út þýðingar Sveinbjarnar Egilssonar úr forngrísku á textum eftir gamanhöfundinn Lúkían á 2. öld eftir Krist. Hann birti grein í bók um Grím Thomsen, aðra um dánarbú á 19. öld í greinasafninu *Heimsins hnoss* og þá þriðju um skjalasafn Þorleifs Kortssonar lögmanns í greinasafninu *Paper Stories: Paper and Book History in Post-Medieval Europe*. Einnig birtust tveir ritdómar í *Sögu* og tveir pistlar á *Vísindavef*. Már hélt fyrirlestra í Reykjavík og Osló. Hann er formaður fagráðs í hugvísindum hjá Rannís.

**Ragnheiður Kristjánsdóttir** vann að greinum tengdum verkefninu „Í kjölfar kosningaréttar“ sem styrkt er af RANNÍS. Á árinu kom út í *Sögu* greinin „Ósjálfráðu atkvæðin. Viðhorf til kvenkjósenda og heimakosningarnar 1923 og 1944“ sem hún skrifaði með Erlu Huldu Halldórsdóttur. Auk þess birti hún greinar í *Nordisk Tidskrift* og *Arbetshistoria*. Ragnheiður tók þátt í norræna verkefninu „Economic Voting Restrictions“ sem er styrkt af Rannsóknasjóði HÍ. Undanfarin ár hefur hún verið

landsritstjóri *Scandinavian Journal of History*. Ragnheiður tók þátt í ráðstefnu sem haldin var í Stokkhólmi og hélt nokkra fyrirlestra í Reykjavík.

**Rósa Magnúsdóttir** gaf út tvær ritrýndar greinar á árinu. Önnur fjallaði um upplifun íslenskra sósíalista af árinu 1956 í hnattrænu samhengi: „Making Sense of 1956: Experiencing and Negotiating the Socialist Project in Iceland“, *Global Biographies: Lived History as Method* (Manchester University Press). Hin greinin er „Book Diplomacy: Soviet-American Publishing Relations and the Moscow Book Exhibitions in the Late Cold War.“ Hún birtist í *The Bloomsbury Handbook to Cold War Literary Cultures* (Bloomsbury Publishing) og er skrifuð með Birgitte Beck Pristed. Rósa hélt boðserindi á ráðstefnu um ævisögur í Odense í janúar og lykilerindi á ráðstefnu um menningartengda utanríkisstefnu í Kaupmannahafn í mars. Hún sat vinnufund um hina nýja vinnusögu í Berlín og hélt erindi á Aleksanteri ráðstefnunni í Helsinki í október. Að auki tók Rósa þátt í ýmsum viðburðum er tengdust stöðu alþjóðamála í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu og ræddi ítrekað við íslenska, danska og þýska fjölmiðla um aðdraganda og gang stríðsins.

**Sigurður Gylfi Magnússon** stjórnar öndvegisverkefninu „Heimsins hnoss: Söfn efnismenningar, menningarafur og merking“ (e. My Favourite Things: Material Culture Archives, Cultural Heritage and Meaning). Því lýkur haustið 2023. Sigurður Gylfi er einn af tveimur stjórnendum verkefnisins „Bíbí í Berlín: Einsaga og fötlunarfræði – ný nálgun“ sem styrkt er af Rannís síðan 2021. Hann er meðal ritstjóra Sýnisbókar íslenskrar alþýðumenningar og voru tvær bækur gefnar út á árinu. Hann er annar ritstjóra í alþjóðlegri bókaröð, *Microhistories*, sem Routledge gefur út. Tvær bækur voru gefnar út árið 2022. Sigurður Gylfi er formaður stjórnar Miðstöðvar einsöguannsóknna. Eftirtaldar greinar birtust á árinu:

- „At the Mercy of Emotions: Archives, Egodocuments and Microhistory.“ *The Routledge Modern History of Emotions* (London: Routledge).
- „Bíbí í Berlín uppfærð og fermd.“ *Afmælisrit Jóns Torfa Jónassonar* – Netla (sérrit). Meðhöfundar eru Guðrún Valgerður Stefánsdóttir og Sólveig Ólafsdóttir.
- „Lognmolla mannlífsins. Einkaskjöl og elfur tímans.“ *Veðurskeyti frá Ásgarði. Ferðahandbók um tónverk – Atli Ingólfsson* (Reykjavík: JVP).
- „Arkíf: Leiðin að sannleikanum.“ *Heimsins hnoss*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 30 (Reykjavík: Háskólaútgáfan).

**Sumarliði R. Ísleifsson** hafði umsjón með námsleiðinni Hagnýt menningarmiðlun og skyldum greinum. Hann hélt sjö fyrirlestra á árinu í Kanada, Færeyjum, Frakklandi og hérlendis. Hann tók þátt í tveimur alþjóðlegum samstarfsverkefnum og var meðhöfundur sýningarinnar „Íslandsleiðangur Sir Josephs Banks 1772–2022, 250 ár.“ Hann ritaði umfjöllun um fræðirit í *Sögu* og birti grein í ritinu *Representations of the West Nordic Isles* (Eutiner Forschungen).

**Sverrir Jakobsson** stjórnar rannsóknaverkefnum „Norrænir menn í Austurvegi“ (e. Legends of the Eastern Vikings), sem er styrkt af Rannsóknasjóði. Fræðimenn frá Íslandi, Svíþjóð, Bretlandi, Bandaríkjunum, Rússlandi, Ungverjalandi og Ísrael vinna saman að rannsóknum á væringjum og öðrum Austurvegspjóðum. Stefnt er að verklokum og kynningu á niðurstöðum á árinu 2023. Fræðigreinin „1277: Contemporary politics and the pre-history of Sturlunga saga“, sem var unnin í samvinnu við Daniel M. White, birtist í tímaritinu *Viking and Medieval Studies* en einnig birtust fjórir ritdómar eftir Sverri í innlendum og erlendum tímaritum. Hann flutti sex fyrirlestra á alþjóðlegum og innlendum málþingum. Hann var formaður þingstjórnar fimmta íslenska sögubingsins sem fór fram í Háskóla Íslands í maí.

**Valur Ingimundarson** tekur þátt í starfi nokkurra rannsóknarnetverka/stofnana, þar á meðal ReNEW (Reimagining Norden in an Evolving World), rannsóknarsetursins EDDU á sviði samtímastjórn mála, Ratiu Centre og Háskólans í Cluj á sviði stjórn málasögu og stjórn málafræði, sem og New Nordic Network on Arctic Security Strategy sem fæst við stjórn mála og öryggismál á norðurslóðum. Auk þess á hann aðild að rannsóknaverkefnum um lýðræði (Rannís), alþjóðastjórn mála við LSE IDEAS (Associate Fellow) og öryggismál RUSI í London (Senior Associate Fellow). Hann birti greinina „The Kosovo Precedent: Russia’s justification of military interventions and territorial revisions in Georgia and Ukraine“ (LSE IDEAS). Hann hélt þrjú erindi á alþjóðlegum ráðstefnum í Stokkhólmi, Cluj/Turda (Rúmeníu) og Andøya (Noregi) og tvö á ráðstefnum í Reykjavík.

**Viðar Pálsson** sinnti rannsóknum í miðaldasögu, einkum réttarsögu. Hann leiddi rannsóknarverkefnið *Iceland’s Medieval Christian Law in Context* (*Samhengi Kristinréttar Árna Þorlákssonar*) ásamt Anders Winroth (Oslórháskóla), í samvinnu við Elizabeth Walgenbach (Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum). Verkefnið er styrkt af Rannís. Viðar birti greinar og ritdóma í *Sögu* ásamt því að halda erindi og sækja ráðstefnur/málstofur í Reykjavík og Oxford.

### *Útgáfa*

Sagnfræðistofnun gaf enga bók út á árinu. Til stóð að út kæmi bók Marie Simon Thomas um Íslandsferðir Hollendinga á 17. og 18. öld í þýðingu Leos Ingasonar, en ekki varð úr því og óvíst er hvenær það getur orðið. Full ástæða er á næstu mánuðum til að ræða hlutverk og framtíð ritraða stofnunarinnar, sem eru Sagnfræðirannsóknir, Ritsafn Sagnfræðistofnunar og Heimildasafn Sagnfræðistofnunar. Stjórn veitti *Sýnisbók íslenskrar alþýðumennningar* útgáfustyrk, en hún er gefin út af Miðstöð einsögurannsókna. Einnig var heitið styrk til útgáfu bókar hjá Sögufélagi á vegum verkefnisins „Undirstöður landbúnaðarsamfélagsins: Fjölskylda og heimilisbúskapur á Íslandi í byrjun 18. aldar“ sem Guðmundur Jónsson og Ólöf Garðarsdóttir fara fyrir. Í september lauk Jakob Snævar Ólafsson við MA-ritgerðina „Í hringiðu sagnfræðinnar. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og íslensk sagnfræði 1971–2021“. Áformað er að gefa hana út nokkuð endurbætta í rafrænu formi á vef stofnunarinnar.

Heimasíðu stofnunarinnar hefur verið haldið við eftir þörfum. Vefurinn Söguslóðir (soguslodir.hi.is) var yfirfarinn og endurbættur á árinu og gagnasafn um lokaritgerðir í sagnfræði var uppfært, auk þess sem nú eru ritgerðir frá og með árinu 2009 tengdar samsvarandi ritgerðum í Skemmunni. Guðmundur Jónsson hafði veg og vanda af þessum aðgerðum.

### *Fræðilegar samkomur*

Fimmta Sögupingið var haldið dagana 19.–21. maí í samvinnu við Landsnefnd íslenskra sagnfræðinga. Framkvæmdastjóri var Hafdís Erla Hafsteinsdóttir og formaður þingstjórnar Sverrir Jakobsson. Í tengslum við þingið, þann 17. maí, hélt danski sagnfræðingurinn Pernille Ipsen minningarfyrirlestur Jóns Sigurðssonar fyrir árið 2022: „My Seven Mothers and the Redstockings Movement in Denmark, 1970–1976.“ Þá flutti Valerie Hansen minningarfyrirlestur Jóns fyrir árið 2021: „Long-distance ocean voyages of the Arabs, Africans, Chinese, Polynesians before 1492.“

Stofnunin kom að nokkrum opinberum fyrirlesturum til viðbótar:

Þann 20. apríl hélt Ieva Steponavičiūtė Aleksiejūnienė, forstöðukona norrænna fræða við háskólann í Vilnius, fyrirlestur um litháíska málfræðinginn Teodoras Bieliackinas sem var á Íslandi árin 1939–1947.

Þann 27. september hélt Guðmundur Jónsson fyrirlesturinn „Íslenska velferðar-samfélagið. Saga af umdeildri hugmynd.“

Þann 18. október flutti Sam Holmqvist, lektor við háskólann í Södertörn í Svíþjóð, fyrirlesturinn: „Reading Queer Histories in the Present – Að lesa hinsegin sögu(r) í samtímanum.“ Þetta var hluti af dagskrá norræna rannsóknarnetsins „Queering National Histories“ (NOS-HS) í samstarfi við Sagnfræðistofnun, Bókmennta- og listfræðistofnun, Rannsóknastofu um jafnrétti, kyngervi og menntun og Q – félag hinsegin stúdenta.

Þann 14. desember fjallaði Erin Kelly um bók sína *Chasing Me to My Grave. An Artist's Memoir of the Jim Crow South* (2021). Sá fyrirlestur var haldinn í samstarfi við Heimspekistofnun.

Sumarið 2022 var efnt til sýningar í Þjóðarbókhöfðu um enska náttúrufræðinginn og landkönnuðinn Joseph Banks í tilefni af því að liðin voru 250 ár frá því leiðangur hans kom til landsins. Málþing var haldið um ferðina 29. ágúst. Umsjón með verkefninu höfðu Anna Agnarsdóttir og Sumarliði R. Ísleifsson en sýningarstjóri Ólafur Engilbertsson. British Library í Lundúnum lagði til myndir án endurgjalds. Styrkur fékkst úr ráðstefnusjóði Hugvísindastofnunar og frá rektorsembættinu. Sagnfræðistofnun lagði fé til framkvæmdarinnar ásamt Menntamálaráðuneyti og sænska sendiráðinu.

Sagnfræðistofnun kemur að reglulegri málstofu um félags- og hagsögu sem kennarar í sagnfræði og hagfræði annast. Umsjón hafa Guðmundur Jónsson, Ragnheiður Kristjánsdóttir, Erla Hulda Halldórsdóttir og Sveinn Agnarsson.

Á Norræna sagnfræðingáþinginu í Gautaborg dagana 8.–11. ágúst 2022 var gengið frá því að næsta þing yrði í Reykjavík sumarið 2025. Landsnefnd sagnfræðinga annast undirbúning og hefur ákveðið að þingið verði 13.–15. ágúst. Skipuð verður þingnefnd og ráðinn framkvæmdastjóri. Kallað verður eftir fyrirlestrum og málstofum í nóvembermánuði.

### Fjármál

Í árslok 2022 voru kr. 6.350.555 á reikningi stofnunarinnar, nokkru hærri upphæð en ári fyrr (kr. 4.890.281). Inneign vegna *Scandinavian Journal of History* er kr. 3.970.127 (var kr. 4.745.701 ári fyrr og er lækkunin vegna mistaka í bókhaldi HÍ). Það fé er til ráðstöfunar fyrir Landsnefnd íslenskra sagnfræðinga vegna alþjóðlegra samskipta fræðasviðsins. Tekjur Sagnfræðistofnunar árið 2022 námu kr. 3.380.603 og komu frá Hugvísindastofnun; þar af kr. 500.000 í fast framlag en hitt sem reiknað mótframlag vegna styrkja. Útgjöld námu kr. 2.161.467. Sjá nánar í sundurliðuðu fjárhagsyfirliti, sem fylgir.

<b>Sagnfræðistofnun 2022</b>		
<b>Yfirlit yfir stöðu</b>		
	<b>Staða við árslok 2021</b>	<b>Staða við árslok 2022</b>
<b>139204 Sagnfræðistofnun</b>	4,890,281	6,350,555
Verður leiðrétt 2023		42,384
<b>Rétt staða</b>		6,392,939
<b>139562 Útgáfa</b>	2,912	2,912
<b>139540 Ráðstefnur Sagnfræðistofnunar</b>		
<b>Alls staða stofnunar</b>	4,893,193	6,395,851
<b>139409 Scandinavian Journal of History</b>	4,745,710	3,970,127
<b>REKSTUR ÁRIÐ 2022</b>		
<b>SAGNFRÆÐISTOFNUN 139204</b>		
	<b>Tekjur</b>	<b>Gjöld</b>
<b>Frá Hugvísindastofnun og önnur framlög</b>		
Fjárveiting	3,380,603	
Að auki hluti fjárveitingar til Rannsóknastofu í fornleifafraeði		
<b>Alls fjárveiting og styrkir</b>	<b>3,380,603</b>	



<b>Stjórn / almennur rekstur</b>	<b>Tekjur</b>	<b>Gjöld</b>
Reikningar frá Reiknistofnun - tölvuþjónusta		21,950
Laun og launatengd gjöld - ranglega færð laun	16,138	16,138
Laun og launatengd gjöld - Georg Gylfason		150,693
Ársfundur - veitingar		
Keypt tímarit og bækur		14,494
<b>Alls stjórn / almennur rekstur</b>	<b>16,138</b>	<b>203,275</b>
<b>Málþing og skyld starfsemi</b>		
Banks - styrkir	725,000	
Banks - móttaka og veitingar		224,372
Banks - sýningarskrá		270,320
Kostnaður v/sýningar - veggspjöld og boðskort		356,451
Banks - myndir		36,360
Banks - Neil Chambers, flug og gisting		143,971
Minningarfyrirlestur Jóns Sigurðssonar		15,108
Veitingastaðarferð að honum loknum		82,470
Semínar doktorsnema í apríl og október, veitingar		28,070
Rúta - haustferð nemenda		97,000
Vefsíður uppfærðar		61,686
Saga Sagnfræðistofnunar		300,000
<b>Málþing og skyld starfsemi alls</b>	<b>725,000</b>	<b>1,615,808</b>
<b>Veittir styrkir</b>		
Miðstöð einsögurannsókna - útgáfa		300,000
<b>Alls styrkir</b>		300,000
<b>ALLS Sagnfræðistofnun (139204)</b>	<b>4,121,741</b>	<b>2,119,083</b>
<b>Mismunur</b>	<b>2,002,658</b>	

<b>ÚTGÁFA - 139562</b>		
<i>Lagt inn frá aðalnúmeri Sagnfræðistofnunar</i>		
<b>ALLS útgáfa (139562)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>Scandinavian Journal of History - 139409</b>		
INFORMA UK	173,640	
INFORMA UK	281,040	
INFORMA UK - greiðsla frá 2021 bakfærð		678,105
INFORMA UK - greiðsla frá 2021 bakfærð		439,861
Óskað hefur verið eftir skýringum		
Ferðakostnaður		
Árgjald <i>Scandinavian Journal of History</i>		108,592
Bankakostnaður		3,705
<b>ALLS Scand. Journal</b>	<b>454,680</b>	<b>1,230,263</b>
<b>Mismunur</b>		<b>775,583</b>